



Kæru félagsmenn.

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til endurkjörs formanns HRFÍ.

Ég hef setið í stjórn félagsins frá árinu 2013 en sem formaður frá 2015. Síðustu tvö ár hefur stórum hluta tíma formanns og stjórnar verið varið í verkefni er snúa að skrifstofunni og rekstri félagsins. Þörf var á að skipuleggja fjármál, verklag og vinnubrögð. Starf á ýmsum sviðum félagsins hefur verið eft, regluverk bætt og átak gert í að fjölga félagsmönnum með því að bjóða nýja eigendur hreinræktaðra hunda velkomna í félagið gjaldlaust fyrsta almanaksárið. Þá hefur félagið verið sýnilegt í réttindabaráttu fyrir hundaeigendur, átt fjölmarga fundi með opinberum aðilum varðandi málefni hunda og hundaeigenda, m.a. vegna samgöngumála, einangrunarmála og aðstöðumála félagsins.

Ég hef mikinn áhuga á því að starfa áfram að málefnum Hundaræktarfélags Íslands og leggja mitt af mörkum. Framundan er m.a. vinna við að bæta aðstöðu hundaeigenda til að vinna með eðli og hæfileika hundanna okkar, vinna við að efla fræðslu og stuðning við ræktendur félagsins auk áframhaldandi áherslu á ýmis réttindamál okkar. Ég óska eftir stuðningi ykkar við að fá að vinna að þeim verkefnum.